

Bláskógaskóli 2017

Nátturufraeði

Kennari: Lára Bergljót Jónsdóttir

Nemandi: Matthías Emil L. Óttarsson

Ösp

Mér langar að segja nokkur orð um ösp hér fyrir neðan. Ég valdi ösp út af því það er mikið að henni hér á landi og hún er græn og brún á litin.

Ösp er líka þekkt sem Populus. Hún er ættkvísl stórvaxinna lauftrjáa. Það eru 30 til 40 tegundir aspa í Evrópu, Norður-Ameríku og Norður-Afríku. Ösp er stór og fljót vaxin tré sum verða yfirleitt 15 til 50 metra há og getur trjástofn stærstu tegunda orðið allt að 250 cm í þvermál. Venjulega er trjábörkur ungra aspa frá hvítum lit upp í grænleitt. Í eldri trjám helst mýkt barkarins hjá sumum tegundum en hjá öðrum öspum verður börkurinn dökkbrúnn, sprunginn og harður. Öspin blómstrar rétt í byrjun laufgunar, í apríl eða maí eftir árferði. Hér á landi var alaskaöspin farin að sá sér fyrir eigin rammleik strax upp úr 1990. Einkum nær hún rötfestu og seti á röskuðum svæðum, svo sem meðfram nýgerðum vegum og víðar. Alaskaöspin myndar einnig mikið af rötarskotum sem koma upp í nokkurra metra fjarlægð frá móðurplöntunni. Þó að ræktun alaskaasparinnar hafi gengið vel hér á landi virðast mjög vindasamir staðir við sjávarsíðuna og votar mýrar henta henni ákaflega illa. Alaskaöspin er ekki



langlíf og er talið að hún verði yfirleitt ekki eldri en 100 ára.

Alaskaösp hentar vel í útivistarsvæði og víða á almannafæri, sömuleiðis í skjólbelti og til skógaræktunar. (Ásgeir Svanbergsson 1989:161)

Mörg tré og runnar eiga í erfiðleikum með að fá nægilegt vatn á veturna þegar jörðin er frosin. Þetta er ein skýringin á því að þau fella laufblöðin á haustin. Áður en laufblöðin falla eyðist blaðgrænan í þeim og hún eyðist fyrr en önnur litarefni. Þá verða gulir og rauðir litir áberandi í blöðunum og það köllum við haustlitir (Lífheimurinn 2010:68)

Það kom mér að óvar hvað öspin er stor og að hún skiptir um liti

## Heimildaskrá

- Ásgeir Svanbergsson. 1989. *Tré og runnar. Hanbók ræktunarmannsins*. Bókaútgáfan Örn og Örlögur, Reykjavík.
- Susanne Fabricius, Fredrik Holm, Ralph Mårtenssen, Annika Nilsson, Anders Nystrand. 2010. *Lífheimurinn*. Hálfðan Ómar Hálfðanson þýddi. Mál og menning, Reykjavík